

Skólaráð

Skólaráð 10. nóvember 2015

44. fundur

Fundur settur kl. 8.10

Mætt voru: María Pálmadóttir skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ólöf Kristín Einarsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jökull Mar Pétursson fulltrúi foreldra, Heiða Gunnarsdóttir fulltrúi foreldra og Kristín Thoroddsen formaður Foreldrafélags Setbergsskóla og fulltrúi grenndarsamfélags, Þórður Skúlason og Þorbjörg Guðmundsdóttir fulltrúar nemenda.

Efni fundarins:

1. Starfsáætlun skólársins 2015 - 2016
2. Skólapúlsinn
3. Skólanámskrá 2015 – 2016
4. Önnur mál

Skólastjóri setti fundinn, kynnti alla þá sem mættir voru og bauð nýja skólaráðsmeðlimi sérstaklega velkomna.

Skólastjóri fór yfir hlutverk skólaráðs og kynnti plagg frá umboðsmanni barna sem snýr að hlutverki þess. Hún ítrekaði að ekki eru tekin fyrir mál einstaklinga, hvorki nemenda né starfsmanna. Hún benti á að öllum er heimilt að leggja fyrir mál sem snúa að málefnum skólans. Í kjölfar þessarar umræðu sagði Ásta Eyjólfsdóttir lítillega frá rýnihópavinnu í 2., 4. og 6. bekk, þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig um skólastarfið. Stefnt er að því að allir nemendur fái tækifæri til að vera í rýnihópi einhvern tíma á skólagöngu sinni. Ítrekaði skólastjóri á trúnað innan skólaráðsins.

1.Starfsáætlun skólaársins 2015 - 2016: Skólastjóri fór yfir starfsáætlun næsta skólaárs og benti á að hún yrði send öllum og jafnframt sett inn á heimsíðu skólans.

Skólaráð

Hún lagði fram þá tillögu að við tímasettum fundina í sameiningu og ráðið fundaði á þriðjudögum kl. 8:10 – 9:30. Fyrir utan þá fundi í starfsáætluninni þá sagði skólastjóri að líklega yrði einn júnífundur settur á síðar. Kristín benti á að gott væri að fá fulltrúa frá Skólamat til fundar við okkur á skólaárinu. Skólastjóri sagði það vera góða hugmynd og yrði þá sett undir liðinn önnur mál.

2. Skólpúlsinn: Skólastjóri fór yfir mat á skólastarfi og sagði frá Skólapúlsinum 2014 – 2015 sem er samantek á nemenda-, starfsmanna- og foreldrakönnunum. Skýrslan gefur okkur upplýsingar um skólana í Hafnarfiðri og samanburð á milli þeirra. Í kjölfar þessara kannana er unnin úbótaáætlun innan skólans. Nemendakönnunin er lögð fyrir 6. – 10. bekk. Skólastjóri fór yfir þá þætti sem könnunin mælir og helstu niðurstöður hennar. Almennt líður nemendum vel og er tíðni eineltis lág miðað við landsmeðaltal. Foreldrakönnunin er lögð fyrir 30% foreldra nemenda í 1. – 10. bekk. Tveir þættir skera sig úr umfang eineltis að mati foreldra er minna en landsmeðal og foreldrar eru ánægðir með hraða á úrvinnslu eineltismála. Ánægja foreldra með stuðning við nemendur er töluvert yfir meðaltali. Foreldrar eru ánægðir í 66,7% tilfella með skólamatinn. Þar erum við undir meðaltali. Við veltum fyrir okkur af hverju það stafaði. Foreldrasamstarf kemur aðeins undir meðaltali Skólavogarinnar og eru 44,4% foreldra ánægðir með ákvarðanir varðandi nemendur og eru það undir meðaltali. Ræddum á hvort ástæða sé að til að koma á fót rýnihópi foreldra og fara yfir hvað við getum gert til þess að tryggja að foreldrar séu með í ákvarðanatökum varðandi börn þeirra. Skólastjóri ítrekaði að þetta væri þáttur sem við vildum bæta. Væntingar til menntunarstigs barna er mjög hátt. Sitt sýnist hverjum varðandi afstöðu til heimavinnu og lítillega var rætt við um form um umfang hennar. Fram kom í starfsmannakönnuninni að kennarar meta starfsaðstöðu slaka og er það undir landsmeðaltali. Veltum fyrir okkur af hverju þetta kemur svona út og mikilvægi þess að skoða hvað veldur. Endurgjöf frá stjórnendum og nýting á niðurstöðum mats er yfir meðaltali. Skýrslan í heild verður sett inn á heimasíðuna.

Skólaráð

3. Skólanámskrá 2015 – 2016: Aðstoðarskólastjóri sagði frá vinnu að nýrri skólanámskrá og lýsti uppbyggingu hennar en form og innihald er talsvert breytt frá fyrri námskrá og í samræmi við nýja aðalnámskrá grunnskóla. Meira er rýnt í hverja námsgrein fyrir sig og grunnþættir nýrrar aðalnámskrár endurspeglast nú í öllum námsgreinum. Það er breyting frá því sem áður var. Formið er miðlægt fyrir Hafnarfjörð. Skólanámskráin er nú aðgengileg á heimasíðu skólans. Skólaráðsfulltrúar hvattir að kynna sér skólanámskrána nánar á heimasíðunni. Lagt fram skjal til undirritunar því til staðfestingar að skólaráð Setbergsskóla hafi fjallað um skólanámskrána.

4. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin fyrir

Fundi slitið kl. 09:40

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargerð.